Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

# Listamannalaun

Matskvarði umsókna

*Útgáfa; júní 2022*

rannís

Umsóknir í Launasjóði* listamanna eru metnar samkvæmt eftirfarandi kvarða. Veitt eru stig á skalanum 0 - 10. Núll stig þýða að lágmarkskröfum er ekki mætt.
(*launasjóðir hönnuða, myndlistarmanna, rithöfunda, sviðslistafólks, tónlistarflytjenda og tónskálda)

| | Matsþáttur | Vægi | 10. stig | 5. stig | 1. stig |
|---|---|---|---|---|---|
| **1** | Vinna/verkefni í umsókn;<br>• er áhugaverð<br>• er vel skilgreind<br>• hefur listrænt gildi<br>*(síða 2.1 Lýsing á vinnu í umsókn)* | 50% | Verkefni sem liggja til grundvallar umsókn eru mjög áhugaverð, vel skilgreind og hafa mikið listrænt gildi. | Verkefni sem liggja til grundvallar umsókn uppfylla a.m.k. tvö skilyrði vel. | Verkefni sem liggja til grundvallar umsókn uppfyllir ekkert skilyrði vel. |
| **2** | Ferill listamanns<br>• Náms- og starfsferill (lýsing í umsókn og heildar ferilskrá (CV) í viðhengi)<br>• Viðurkenningar<br>• Verk sýnd, flutt eða birt opinberlega<br>• Listamaður er að hasla sér völl með áhugverðri umsókn<br>*(síða 2.1 Lýsing á vinnu í umsókn og ferilskrá í viðhengi)* | 30% | Listamaður hefur hlotið afgerandi viðurkenningu fyrir verk sín og verk hans margoft verið sýnd, flutt eða birt opinberlega EÐA listamaður er að hasla sér völl með framúrskarandi áhugaverðri umsókn. | Listamaður hefur reglulega sýnt, flutt eða birt verk sín opinberlega á liðnum árum EÐA listamaður er að hasla sér völl með áhugaverðri umsókn. | Verk listamanns hafa sjaldan verið sýnd, flutt eða birt EÐA umsókn listamanns er lítið áhugaverð. |
| **3** | Verk- og tímaáætlun<br>• Skilgreind<br>• Sannfærandi<br>• Trúlegt að markmið náist<br>*(síða 2.1 Lýsing á vinnu í umsókn)* | 20% | Verkáætlun er mjög vel skilgreind, afar sannfærandi og mjög trúlegt að markmið náist. | Verkáætlun er ekki nægjanlega vel skilgreind en þó ekki ólíklegt að markmið náist. | Töluvert skortir upp á verkáætlun og erfitt að meta hvort markmið náist. |